



Reykjavík, 1. febrúar 2024

MSS23120042

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105Reykjavík

Bannsvæði hópbifreiða í miðborginni

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 13. desember 2023 var lögð fram og samþykkt svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar, fulltrúa íbúasamtaka Miðborgar, foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa um bannsvæði hópbifreiða í miðborginni, sbr. 1. liður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bannsvæði hópbifreiða og annarra ökutækja yfir átta metra á lengd verði stækkað í Miðborg þannig að svæðið afmarkist af Geirsgötu, Kalkofnsvegi og Skúlagötu í norðri, af Snorrabraut í austri og Hringbraut í suðri.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með sjö atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og íbúasamtaka Miðborgar, foreldrafélags Miðborgar, foreldrafélags Hlíða og slembivalins fulltrúa.

Fulltrúi íbúasamtaka Hlíða situr hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Með hliðsjón af ofangreindu er málinu vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráðs Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar, fulltrúa íbúasamtaka Miðborgar, foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa um bannsvæði hópbifreiða í miðborginni.



Reykjavík

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 13. desember 2023: Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar, fulltrúa íbúasamtaka Miðborgar foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa um bannsvæði hópþifreiða í miðborginni:

Lagt er til að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að bannsvæði hópþifreiða og annarra ökutækja yfir átta metra á lengd verði stækkað í Miðborg þannig að svæðið afmarkist af Geirsgötu, Kalkofnsvegi og Skúlagötu í norðri, af Snorrabraut í austri og Hringbraut í suðri.

Greinargerð:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða hefur s.l. ár margsinnis rætt um akstur stærri ökutækja og hópþifreiða í miðborginni, fyrst á fjórða fundi ráðsins, 25. febrúar 2020. Einhugur hefur verið í ráðinu um nauðsyn þess að stækka bannsvæði stærri ökutækja í hverfinu. Íbúaráðið fagnar því að haldinn hafi verið samráðsfundur um málið liðið vor og bannsvæði í Vesturbæ verið stækkað í kjölfarið. Ráðið er þó orðið langeygt eftir sambærilegum aðgerðum í Miðborg.

Stýrihópur um akstur þifreiða og hópþifreiða um miðborgina skilaði af sér skýrslu um málið í apríl 2017 og er þar m.a. að finna samantekt yfir athugasemdir íbúa. Nú eru liðin sex ár frá gerð þeirrar skýrslu og ferðapjónusta vaxið verulega á þeim tíma. Þau atriði sem helst voru gerð athugasemdir við þá eiga nú enn við fullum fetum, þ.e. að umferð sé beint um Njarðargötu og Eiríksgötu, framhjá leikskólunum Laufásborg og Grænuborg, að bannsvæði sé ekki stækkað til austurs og að stæði séu við Hallgrímskirkju. Íbúaráðið tekur sérstaklega fram að Barónsstígur og Egilsgata eigi að vera lausar við rútuumferð vegna nálægðar við Austurbæjarskóla. Íbúaráðið hefur rætt hvert og eitt þessara atriða margoft og sérstaklega rætt hættu sem skapast við akstur slíkra þifreiða við leik- og grunnskóla hverfisins. Þá er ekki mikil þryði af umhverfi og umferð við Hallgrímskirkju eins og sakir standa.

Íbúaráðið sýnir því skilning að vanda þurfi til verka við breytingar á bannsvæðum. Það sé þó löngu kominn tími til að taka ákvörðun í málinu. Íbúaráðið telur hagsmuni íbúa hverfisins og langtímahagsmuni ferðapjónustu fara saman í þessu máli, að Miðborg Reykjavíkur sé gott hverfi bæði til að búa í og dvelja, til langs tíma og skamms.

Íbúaráðið leggur mikla áherslu á að umferð við Snorrabraut fari ekki vaxandi verði tillagan samþykkt og að ráðist verði í mótvægisáðgerðir og greiningu á sleppistæðum með það að markmiði.